

Altomar III í Los Arenales

Verk Vest, Aldan, Verkalýðfélag Snæfellinga og Vlf. og sjómannafélag Sandgerðis eiga orlofsíbúð á Spáni í úthverfi Alicante sem heitir Los Arenales.

Raðhúsaðverfið Altomar III í Los Arenales er í úthverfi Alicanteborgar. Mjög gott útsýni er til Alicante frá ströndinni í Los Arenales sem er samfelld alveg til Alicante. Akstur frá Alicante flugvelli til hverfisins tekur 10 - 15 mínútur, en um 20 mín akstur er inn í miðborg Alicante frá íbúðinni. Auðvelt er að taka bílaleigubíl frá flugvelli og auðvelt að fylgja merkingum til áfangastaðar. Þegar farið er frá flugvelli er beygt til hægri inn á veg N-332 sem er fylgt þangað til komið er að stóru skylti með merkingunni CV-851. Þar er ekið inn á hringtorg og beygt út úr því við skilti sem á stendur Los Arenales. Þeim vegi er fylgt að gatnamótum sem vísa á veg sem á að fylgja þangað til komið er að hringtorgi þar sem beygt er til hægri inn í Los Arenales. Best er að fylgja útjaðri byggðarinnar þar sem ekið er um 2 hringtorg áður en komið er að Carrer Bahia (götunni við Altomar III) Þegar komið er að Altomar III hverfinu er ekið upp fyrir byggðina inn í hringtorg sem liggur aftur inn í Carrer Bahia að hliði nr. 123.



Leiguskilmálar

Orlofshúsið er leigt tvær vikur í senn að sumrinu, frá mánudegi til mánudags. Leigutakar geta komið í íbúð kl.19:00, brottför úr íbúð er í síðasta lagi kl. 11:00. Sumarleiga fyrir tvær vikur er kr. 93.000. Lágmarksleiga á tímabilinu 1.okt. - 30.apríl er ein vika á kr.49.000 ef bóka á lengri tímabil breytist verðið. Brottfarargjald er innifalið í leigu.

Leigutakar eru beðnir að snúa sér til skrifstofu Verk Vest á Ísafirði með bókanir og frekari upplýsingar í síma 4565190 á opnunartíma virka daga frá kl.08.00 – 16.00 eða með tölvupósti postur@verkvest.is.

[HÉR ER HÆGT AÐ SKOÐA LAUS TÍMABIL Á SPÁNI.](#)

[Myndband um Los Arenales](#)

[Líkaðu við "Vinaminni" sumarhús á Facebook](#)

Leigutakar verða að nýta sjálfir ásamt fjölskyldum og/eða vinum hús sem þeir fá úthlutað. Framsal til annarra er óheimilt. Þeir sem ekki eru félagsmenn í viðkomandi félögum er bent á að hafa samband á postur@verkvest.is eða í síma 4565190 varðandi möguleika á leigu utan úthlutunartímabils.

Félagsmenn Verk Vest, Öldunni, Vlf. Snæfellinga og VÍS. Sandgerðis hafa **ALLTAF** forgang að leigu.

Leigutakar sem verða uppvísir á að brjóta almennar reglur og skyldur sem leigutakar takast á hendur við leigu orlofshúsa eiga hættu á að verða útilokaður frá úthlutun framvegis.

Allt dýrahald er bannað í húsinu. Brot á því verða tafarlausri brottvísun úr húsinu.

Los Arenales

Eitt af úthverfum Alicante er strandbærinn Los Arenales sem er hefðbundinn spænskur strandbær sem býður upp á alla nauðsynlega þjónustu með verslunum, veitingastöðum, apóteki, póstafréiðslu og fyrstu hjálp. Mjög stutt er frá íbúðarkjarnanum niður á ströndina sem er í 5 - 10 mínútu göngufæri. Hægt er að velja nokkrar misafliðandi brekkur niður á strönd og ættu allir að geta fundið gögnuleið við hæfi. Ströndin sjálf ef með gott aðgengi fyrir hreifihamlaða og fólk í hjólastólum.

Kvöldmarkaðir eru á strandgötunni og á þriðjudögum og föstudögum er markaður í götunni við hringtorgið þar sem ekið er inn í bæinn. Strandlengja Los Arenales er nánast samfelld sandfjara í átt til Alicante í norðri og til Santa Pola í suðri. Í Santa Pola er mjög fjölbreytt þjónusta með úrvali veitingastaða, stórmarkaða og verslana. Um 10 mínútna akstur er til Santa Pola og um 5-10 mínútna akstur til Gran Alicant sem er þjónustukjarni með töluvert stórri íbúðarbyggð sem stendur við N-332. Hægt er að aka í gegnum Gran Alacant frá flugvællinum á leið til Los Arenales, en er nokkuð seinfarnari. Um 40 mínútna akstur er til Torriveija frá Los Arenales eftir þjóðvegi N-332.

Staðsetning

CARRER BAHIA 123 (AVENIDA BAHIA NUMERO 123.)

URBANIZACION ALTOMAR III

FASE 1.

VIVIENDA NUMERO 13.

ARENALES DEL SOL.

ELCHE-ALICANTE 03195

GPS - ATH. Ef GPS er meðferðis og tekinn er bílaleigubíll er gott að fá starfsfólk bílaleigu til að slá heimilsfang inn í GPS tækið. Einnig er gott að styðjast við google-map eða staðsetningarkefi í snjallsímum.

Hús og búnaður

Húsið er nr. 13 og er á jarðhæð í raðhúsahverfinu Altomar III í Los Arenelas. Best er að notast við hlið nr.123, þaðan eru örfá skref að íbúðinni. Lyklabox er við útihurð og er lyklnúmer á leigusamningi. Best er að geyma lykilinn alltaf í lyklaboxinu. Í íbúðinni eru 2 svefnherbergi, setu- og borðstofa, sér eldhús og baðherbergi með sturtu. Húsinu fylgja öll venjuleg eldhúshöld og borðbúnaður, sængur og koddar. Loftkæling er í húsinu. Hefur húsið fengið nafnið „Vinaminni“.

Íbúðin er í lokuðum kjarna þar sem ekki er hægt að komast inn í nema hafa lykil. Eða aðgangsheimilid. Hún er vel búin öllum helstu þægindum og mjög gott aðgengi er að íbúðinni. Gistipláss er fyrir 6 fullorðna í tveimur herbergjum og svefnsófa í stofu, einnig fylgir ferðabarnarúm. Raðhúsakjarninn er mjög snyrtilegur en fyrir miðju kjarnans er sameiginleg sundlaug með barnalaug sem aðeins íbúarnir hafa aðgang að. Sundlaugagarðurinn er ca 15 metra frá íbúð okkar. Nota þarf aðgangsslykil til að komast í sundlaugargarð. Við hliðina á sundlauginni er stigahús niður í bílastæðakjallara. Stæði nr. 6 í bílageymslu fylgir íbúðinni, fjarstýring fyrir bílageymslu er í kómóðu við hliðina á svefnsófa í stofu.

Dvalargestir losa sig við sorp í gáma við byggðina. Áríðandi er að flokka allt sorp. Í húsinu er sjónvarp, örbylgjuofn, þvottavél og svefnsófi í stofu. Samanbrotið barnarúm er í tösku í svefnherbergi og barnastóll inn í skáp. Garðborð og stólar ásamt tveim sólbekkjum fylgja og verða gestir að setja garðhúsgögn inn í lok dvalar. Sólhlíf, strandstólar og kælibox fylgja einnig. Áríðandi er að ganga vel um strandbúnað og skola allan sand af áður en komið er í húsið.

Ekki er gæsla við sundlaugarsvæði og bera gestir sjálfir ábyrgð á umgengni barna við sundlaugar. Sundlaugargarðurinn er opinn alla daga frá kl.10:00 - 22:00.

Umgengni.

- **Umsjónaraðili** að húsinu heitir Agla Egilsdóttir netfang aglaegils@gmail.com. Agla er búsett í Torriveija. Ef eitthvað kemur upp á vinsamlega hafið samband við hana í **Síma**: 020965-4369 0190 26 3236 og mun hún greiða úr málum eftir atvikum. Ef um útkall er að ræða þurfa gestir sjálfir að greiða fyrir þá þjónustu.
- **Athugið - Loftkæling** Hafði loftkælinguna ekki í gangi ef opið er út því þá virkar hún ekki sem skildi, því kalda loftið frá kælingunni leitar út úr húsinu. Rétt stilling á loftkælingu er 24-26 gráður. Allar stillingar þar fyrir neðan eru óþarfi, því kerfið kæli ekki hraðar þó að stillt sé á lægra hitastig. Hafði í huga að röng notkun á loftkælingu getur valdið óþægindum í öndunarferum
- **Ekki skilja eftir lykil** að innanverðu í útidyrhurðinni. Ef hurðin er lokuð og lykill í lykli að skránni að innanverðu er ekki hægt að setja lykil í skrána að utanverðu. Munið að hurðina er einungis hægt að opna með lykli að utan þannig að það er afar mikilvægt að hafa alltaf lykla meðferðis ef farið er úr húsinu. Óþarfi er að taka alla hússlykla með, nægir að taka eingögnu lykil af hliðum inn í hverfið. Einnig er rétt að hafa í huga að hafa ekki opnar hurðir ef fólk er t.d. í sundlaugargarðinum þar sem það gæti freistað óvandaðra manna! Rétt er að læsa alltaf húsinu, draga fyrir hlera og slökkva ljós ef fólk skreppur frá, jafnvel þó í stuttan tíma sé, allur er varinn góður. Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllum tilheyrandi búnaði meðan á dvöl stendur. Ef eitthvað skemmist skal tilkynna það strax til skrifstofu félagsins.
- **Neysluvatn** á ekki að láta renna að óþörfu á Spáni þar sem það er af skornum skammti og mjög dýrt, þetta á bæði við um heitt og kalt vatn.
- Gangið þrífalega um húsið og umhverfi þess og valdið ekki óþarfa ónæði meðan á dvöl stendur.
- Bílaumferð inn í hverfinu er stranglega bönnuð. Notið bílastæðishús eða stæði við byggðina.
- Opinn eldur krefst varúðar, hvort sem er við eldamennsku eða kertaljós. **Bannað er að kveikja eld og einnota grill eru algerlega bönnuð.** Eldsvoðar hafa hlotist af þeim.
- Tökum tillit hvert til annars. Öll háreysti og óþarfa umgengni er bönnuð í Altomar III milli kl. 23:00 og 09:00.
- Við brottför skal ganga vel frá og þrifa í eldhúsi, þ.m.t. örbylgjuofn, ísskáp, eldavél og önnur áhöld. Áríðandi er að slökkva á loftkælingu við brottför. Loka gluggum og hurðum og taka rafmagnstæki úr sambandi. Gangu skal tryggilega frá rusli og skila því af sér þar sem við á. Munið að flokka sorpið. Ekki skilja eftir matvæli í ísskáp.
- Umsjónarmaður fer yfir húsin eftir hverja dvalargesti og gætir þess að ekki vanti hreinsiefni eða annað sem lagt er til. Hann kannar einnig ástand húsanna og viðskilnað almennt. Ef frágangi er

ábótavant eða aðrar athugasemdir koma fram hjá umsjónarmanni geta leigjendur átt von á sérstökum reikningi vegna þess.

- Munum að það er sameiginlegt verkefni okkar allra að halda orlofsdvalarstöðum í góðu lagi. Skiljum við húsið eins og við viljum taka við því.

Ef eitthvað vantar í húsið eða leigutaki hefur einhverjar athugasemdir, þá vinsamlegast látið umsjónarmann vita.

Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu Verk-Vest í síma +354 456 5190.

